



Í febrúar 2018 gerði embætti ríkislögreglustjóra í fjórða sinn könnun meðal lögreglumanna með það að markmiði að kanna mat þeirra á eigin öryggi í starfi og fleiri starfstengdum þáttum.

Aðferðir og gögn:

Rannsóknin var framkvæmd á tímabilinu 5. febrúar–3. apríl 2018 þar sem spurt var um árið 2017. Óskað var eftir þátttöku allra lögreglumanna með tölvupósti.


215 svöruðu listanum í heild sinni, en starfandi lögreglumenn í febrúar 2018 voru um 623, það er um 35% svarhlutfall.

Spurningarnar snúa að öryggistilfinningu, starfsumhverfi, starfsánægju og sérhæfðri þekkingu og þjálfun.

Helstu niðurstöður

Síðastliðin tvö ár sem könnunin hefur verið lögð fyrir lögreglumenn, hafa þeir nefnt að bifreiðar, einmenningsvaktir og að aðstoð berist tímalega hafi mest áhrif á öryggistilfinningu þeirra (af þeim þáttum sem spurt var um). Spurt var um stöðuna á ýmsum slíkum þáttum.

Sp. Hvernig var staðan á eftirfarandi þáttum í þínu næsta starfsumhverfi árið 2017?




Varðandi bifreiðar var oftast nefnt að gæðin væru ófullnægjandi, þ.e. of gamlar, of mikið eknar o.s.f.v. og næst oftast var nefnt að of fáar bifreiðar væru í embættinu. Ath. að spurt var um árið 2017, en mörg embætti hafa endurnýjað bifreiðar síðan þá.

Öryggistilfinning lögreglumanna svipuð 2017 og árið 2014.

Af öllum svarendum töldu 74% sig frekar eða mjög örugga á dæmigerðum vinnudegi árið 2017, sem er örlítið minna en árinu áður þegar 77% töldu sig frekar eða mjög örugga. Þessi munur er ekki marktækur.

Sp. Hversu örugga(n) eða óörugga(n) telur þú þig vera á dæmigerðum vinnudegi?



Marktækur munur er á öryggistilfinningu lögreglumanna eftir starfssviðum innan lögreglu og starfsaldri. Það skal þó haft í huga að þessir þættir eru tengdir. Miðjuhópurinn, þeir sem hafa 10-19 ára starfsreynslu eru öruggastir á dæmigerðum vinnudegi en 81% þeirra segjast mjög eða frekar öruggir. Af þeim sem hafa 0-9 ára starfsreynslu segjast 68% mjög eða frekar öruggir og af þeim sem hafa 20 ára eða meiri starfsreynslu eru 69%.

Þeir sem sinna almennri löggæslu finnst þeir sjaldnar mjög öruggir (20%) en þeir sem sinna öðrum störfum eins og rannsóknum brota, stjórnun eða öðru (44%). Ekki var munur eftir embættum, landshlutum eða kyni.

Sérhæfð þekking/þjálfun: Sérhæfð þekking/þjálfun ekki breyst mikið milli ára en lögreglumenn vilja meiri fræðslu varðandi þá þætti sem spurt var um, þ.e. skýrslutökur, hatursglæpi og mansal. Þekking á tölvubrotum jókst milli ára.

Þekking á mansali hefur ekki breyst milli ára. Mansalsþekking er enn meiri hjá þeim sem sinna rannsóknum, stjórnun eða öðru heldur en þeim sem sinna almennri löggæslu. Munur var á þekkingu á mansali milli embættis og því hvort lögreglumenn hefðu íhugað að mál sem þeir unnu að árið 2017 væru


mansalsmál. 78% töldu sig ekki hafa næga þekkingu á hatursglæpum til að geta sinnt slíkum málum.

Þekking á hatursglæpum breyttist ekki milli ára og ekki var munur milli hópa varðandi þekkingu eða reynslu af þeim árið 2017, nema að því leyti að þeir sem sinna rannsóknum, stjórnun eða öðru töldu sig frekar hafa næga þekkingu á málaflokknum.

Tölvubrot

Þekking á tölvubrotum var mjög svipuð árin 2015 og 2016 en fleiri þátttakendur töldu sig hafa nægilega þekkingu á málaflokknum árið 2017 en 2016.

Sp. Mér finnst ég hafa nægilega þekkingu á tölvubrotum til að geta sinnt slíkum málum.



Skotvopnaþjálfun


Flestum þótti hæfni sín í notkun skotvopna góð (74%) en um og undir helmingi þótti þeir fá næga þjálfun. Meirihluti (73%) var sammála því að þjálfunin sem þeir höfðu fengið frá embætti ríkislögreglustjóra hafi verið góð en 67% fannst þjálfunin heima í héraði fullnægjandi.

Starfsánægja

Þegar á heildina er litið má sjá að lögreglumenn hafa yfirleitt nokkra eða mikla ánægju af starfi sínu eða 90% þeirra. Þetta er mjög svipað og í síðustu könnun en 2016 höfðu 86% ánægju af starfi sínu og í tvö ár þar á undan jafnvel fleiri (88% -95%). Um 4% hafa enga ánægju af starfi sínu.

Þegar starfsánægja var skoðuð eftir kyni, starfsaldri, starfssviði eða embætti var ekki að finna neinn marktækan mun milli hópa.

Sp. Hversu mikla eða litla ánægju hefur þú af starfi þínu sem lögreglumaður?



Umræða

Mikilvægt er að fylgjast með starfsumhverfi lögreglumanna, sem og annarra, svo mögulegt sé að bregðast við þörfum þeirra og aðstæðum. Lögreglumenn starfa hjá níu lögregluembættum á landinu, ríkislögreglustjóra og héraðssaksóknara og tilgangurinn er að reyna að ná utan um starfsumhverfi þeirra heildstætt. Erfitt getur verið að meta stöðuna þegar þátttaka í könnuninni er ekki betri en verið hefur en svörin gefa þó ákveðnar vísbendingar sem vert er að taka tillit til. Niðurstöður benda til dæmis til þess að aukin fræðsla og öryggistilfinning séu þættir sem þarf að huga betur að.